



FUNDARGERÐ
200. fundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs
haldinn Móttökustöðinni á Strönd , 14. desember 2018
og hófst hann kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Ágúst Sigurðsson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Benedikt Benediktsson og Ómar Sigurðsson.

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, .

Dagskrá:

1. Vettvangsskoðun og fundur með starfsmönnum stöðvarinnar - 1812025


Stjórn Sorpstöðvar kom saman á Strönd og fundaði með starfsmönnum stöðvarinnar um ýmiss mál. Starfsmenn stöðvarinnar voru allir mættir en þeir eru Ómar Sigurðsson verkstjóri, Andri Geir Jónsson bílstjóri á sorphirðubíl, Jón E. Einarsson bílstjóri á gámabíl og Roman Jarymowicz starfsmaður móttökustöðvar.

2. Önnur mál - 1810040

Fundur með umhverfisnefndum sveitarfélaganna í Rangárvallasýslu.

Til fundar komu umhverfisnefndir sveitarfélaganna í Rangárvallasýslu. Nefndarfólkið fékk leiðsögn um móttökustöðina á Strönd og fóru starfsmenn m.a. yfir verkskipulag og flokkun auk þess sem útisvæðin voru skoðuð. Var fundi síðan fram haldið í Hvolsvelli þar sem m.a. var rætt um leiðir til að efla kynningu á starfsemi Sorpstöðvarinnar og sorphirðu almennt í sýslunni. Ákveðið að formenn nefndanna yrðu stjórninni til aðstoðar við undirbúning á fyrirliggjandi átaki til betri og meiri flokkunar á starfssvæði stöðvarinnar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:00.


Ágúst Sigurðsson


Ásta Berghildur Ólafsdóttir


Benedikt Benediktsson


Ómar Sigurðsson